

# Dró framboð til baka vegna kynjakvóta

## Dró framboð til baka vegna kynjakvóta



Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins ehf. Eggert Jóhannesson

Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarmaður í Regín, dró á aðalfundi félagsins í gær framboð sitt til stjórnar til baka þar sem ljóst var eftir kosningu í stjórn að hún uppfyllti ekki skilyrði laga um kynjahlutfall. Alls voru sex í kjöri um fimm stjórnarsæti og því kosið um stjórnarsetu á aðalfundi félagsins.

„Eftir niðurstöðu margfeldiskosningar var ljóst að kjörin stjórn uppfyllti ekki skilyrði laga um kynjahlutfall. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu dró Jón Steindór Valdimarsson framboð sitt til stjórnar til baka,“ segir í tilkynningu til Kauphallarinnar eftir fundinn í gær.

Nýkjörin aðalstjórn Regins hf. er því skipuð eftirfarandi einstaklingum: Albert Þór Jónsson, fjárfestir, Cand. Oecon Benedikt K. Kristjánsson, sölu og þjónustufulltrúi Bryndís Hrafnkelsdóttir, viðskiptafræðingur, Cand. Oecon. Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, lögmaður og MBA. Tómas Kristjánsson, viðskiptafræðingur, Cand.Oecon/MBA

### **Stjórnarformaður með 450 þúsund á mánuði og forstjóri 2,6 milljónir**

Á fundinum var samþykkt að þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar verði óbreytt frá síðasta ári. Þá fékk stjórnarformaður félagsins, Benedikt K. Kristjánsson greiddar 5,4 milljónir króna í laun frá félaginu (450 þúsund á mánuði) en aðrir stjórnarmenn 2,2 milljónir króna (183 þúsund krónur á mánuði). Laun forstjóra Helga S. Gunnarssonar, námu 31,4 milljónum króna á síðsta ári, sem svarar til rúmlega 2,6 milljóna króna á mánuði. Árið 2013 námu laun Helga 23,1 milljón króna, eða rúm-

lega 8,3 milljónum króna lægri fjárhæð.

Jafnframt var samþykkt að ekki verði greiddur út arður til hluthafa fyrir síðasta ár. Hagnaður fyrirtækisins eftir skatt nam 2.229 milljónum króna á síðasta ári.

[Hér er hægt að lesa um frambjóðendur til stjórnar](#)

- 5